

Kennsluáætlun

Íslenska / Skólaárið 2024- 2025

2 tímar á viku í töflu auk þess eru 5 lotur í aðal kennslustund á skólaárinu.

Kennari Ása Hlín Svavarsdóttir

Lýsing á námsefni

3.bekkur:

- Skriftarfærni æfð, áhersla á lágstafi sem eru kenndir eftir forskrift
- stuttir textar skrifaðir í tengslum við þema sem unnið er með hverju sinni
- lestur á skráðum textum úr vinnubók og úr léttum lestrarbókum
-

3 og 4 bekkur:

- Hlustun á sögur sagðar og lesnar
- æfa að endursegja sögu eða frásögn sem sögð hefur verið
- sérhljóðar/samhljóðar, samheiti/andheiti, samnöfn/sérnöfn, hugtaka skilningur (til hliðar, fyrir ofan...),
stigbreyting lýsingarorða,
- vers og kvæði lærð utanbókar svo og söngtextar

4.bekkur:

- Lestur á textum í tengslum við námsefni
- yndislestur/heimalestur
- sögugerð
- lesskilningur
- unnið við að auka orðaforða (ný orð skráð)
- orðflokkgreining (nafn, sagn og lýsingarorð)
- unnið með málfræðihugtök eins og eintala, fleirtala, kyn, fall, og stigbreyting
- Ritunaræfingar
- stafrófið lært
-

Kennsluaðferðir:

- Smá fyrirlestrar
- þemanám
- skapandi skrif
- þulu og ljóðanám
- leikræn tjáning
- hugtaka kort
- heimalestur og lestardagbók
- ..og fleira.

Ítarefni:

- The Genius of Language, Rudolf Steiner
- Kennsluaðferðir í íslensku, Skemman, Ólafur Ólafsson
- Litróf kennsluaðferðanna, Ingvar Sigurgeirsson
- Að mörgu er að hyggja, Ingvar Sigurgeirsson
- Þulur og ljóð úr ýmsum áttum og úr fórum skólans og kennara.
- Hinar ýmsu fræði og sögubækur tengdar þema sem unnið er með hverju sinni.

Verkefni:

- Verða tilgreind eftir því sem námi vindur fram í kennsluáætlunum lotnanna og í vikuloka bréfum.

Hæfniviðmið:**Að nemandi geti:**

- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi.
- hlustað með athygli á upplestur eða flutning á efni hvort sem er, leiksýning, saga, ljóð eða munnleg frásögn.
- nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.
- valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
- þekki hugtökin, persóna, söguþráður, umhverfi og boðskapur.
- samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.
- gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða og hafi nokkra þekkingu á hvernig við notum þau í texta og talmáli.
- raðað í stafrófsröð og þekki notagildi þess.

Námsmat, litið er til þessara þátta:

- Virkni og þátttaka í tímum
- færni í ritun bókstafa
- hugmyndaauðgi í skapandi skrifum
- tjáningu
- orðaforði og skilningur
- lestrarfærni
- þekking og beiting á algengum málfræðihugtökum.